

A 1878/PRE

Afgreiðsla Forsætisnefnd

Nefndarálit forsætisnefndar um  
**þingmannatillögu**  
**um áætlun um skiptinám fyrir námsfólk frá Belarús**

**Tillaga**  
Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

*að leggja drög að áætlun um skiptinám fyrir námsfólk frá Belarús á tímabilinu 2023–2026 í þeim tilgangi að styðja við lýðræðisöfl í Belarús;*

*að þær samhæfi framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina.*

**Bakgrunnur**

*Upphafleg tillaga:*

Landsdeild Finnlands í Norðurlandaráði leggur til

*að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að hún leggi drög að áætlun um skiptinám fyrir námsmenn frá Hvíta-Rússlandi fyrir árin 2022–25;*

*að Norræna ráðherranefndin ráðstafi fjármunum í fjárhagsáætlun sinni til þessarar nýju skiptinámsáætlunar;*

*að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna að þær samhæfi áætlunina í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina.*

Þingmannatillöguna í heild sinni má finna hér:  
<http://www.norden.org/is/nordurlandarad/mal-og-skjoel/a-1758-holdbart>

*Afgreiðsla í norrænu þekkingar- og menningarnefndinni (UKK)*  
Þekkingar og menningarnefndin fjallaði um umsögn forsætisnefndar um



„Þingmannatillögu um áætlun um skiptinám fyrir námsmenn frá Hvíta-Rússlandi“ á fundi sínum í september 2021:

Nefndin var sammála um að styðja tillöguna. Nefndin lagði áherslu á þau sterku skilaboð sem fælust í að koma á fót skiptiáætlun fyrir námsmenn og það jákvæða við að belarúsneskum námsmönnum gæfist tækifæri til að stunda nám í norrænu ríki. Slík áætlun gæti haft jákvæð áhrif á þróun lýðræðis og á aukin vináttutengsl Norðurlanda og Belarús. Norræn vinstri græn studdu tillöguna en bentu á að hafa yrði í huga að Belarús væri ekki eina einræðisríkið í heiminum og að dæmi mætti finna um að slík ríki stýrðu og hefðu eftirlit með hvaða námsmenn fengju að stunda nám í öðru ríki. Norrænt frelsi studdi tillöguna en taldi að leysa þyrfti úr mörgum álitafnum varðandi fjármögnun og fyrirkomulag. Flokkahópur hægrimanna studdi tillöguna en setti spurningamerki við hvar ætti að sækja fjármagn í áætlunina í ljósi niðurskurðar á sviði menntamála.

#### *Ný afgangsla í forsætisnefnd*

Norræna ráðherranefndin tók ákvörðun um að stöðva samstarf við Rússland og Belarús í kjölfar hernaðarárásar Rússlands gegn Úkraínu og því var ákveðið á þemaþinginu í Malmö í mars 2022 að senda tillöguna til nýrrar meðferðar í forsætisnefnd.

Á sumarfundi forsætisnefndar í Álandseyjum greindi Paula Lehtomäki, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, frá „Grannsvæðasamstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar við breyttar aðstæður“. Framkvæmdastjórinn fjallaði einkum um starf Norrænu ráðherranefndarinnar að málefnum Belarús og að hún hefði áður komið að fjármögnun EHU (European Humanities University).

#### **Sjónarmið forsætisnefndar**

Tillagan er mikilvæg og aðkallandi og forsætisnefndin telur að Norræna ráðherranefndin búi yfir reynslu og þekkingu sem þarf til að geta hrint áætluninni í framkvæmd ef fjármagn fæst.

Mikið er þrengt að akademísku frelsi í Belarús. Stuðningur við námsfólk frá Belarús er raunhæf aðgerð og um leið skýr skilaboð til almennings og borgaralegs samfélags í Belarús um að þeim hafi ekki verið gleymt. Aukið samstarf ungs fólks og námsskipti eru afar mikilvæg til að greiða fyrir samtali við komandi kynslóðir í Belarús.

Stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum 2018-2022 kveður á um að Norðurlöndin, þvert á lönd og flokkspólitískar línur, einkennist af djúpstæðri virðingu fyrir lýðræði, réttarríki, jafnræði og mannréttindum. Í stefnunni segir enn fremur að Norðurlöndin geti látið til sín taka í heiminum með því að tala ávallt skýrri röddu sem stendur vörð um þessi gildi.



Forsætisnefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn þekkingar- og menningarnefndarinnar. Stofnun skiptaáætlunar fyrir námsfólk frá Belarús mun krefjast verulegra fjárveitinga, en þær eru sennilega ekki fyrir hendi innan núverandi fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar. Því er lagt til að tillögunni verði beint til *norrænu ríkisstjórnanna* í stað Norrænu ráðherranefndarinnar. Auk þess er lagt til að áætlunin hefjist árið 2023 enda sé ekki raunhæft að hefja hana 2022 vegna afgreiðslutíma hjá Norðurlandaráði og ríkisstjórnunum.

Tilgangurinn með þingmannatillögunni hefur frá upphafi verið að styðja borgaralegt samfélag og lýðræðisöfl í Belarús en ekki þarlend yfirvöld. Forsætisnefndin leggur til að þetta verði tekið skýrt fram með því að bæta við orðunum „til stuðnings við lýðræðisöfl í Belarús“ í fyrri tillögulið tilmælanna.

Reykjavík, 7. september 2022

*Annette Lind (S)*  
*Bertel Haarder (V)*  
*Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)*  
*Christian Juhl (EL)*  
*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Gunilla Carlsson (S)*

*Hanna Katrín Friðriksson (Vr)*  
*Heidi Greni (Sp)*  
*Helge Orten (H)*  
*Jorodd Asphjell (A)*  
*Lulu Ranne (saf)*  
*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*